

Sp. 404. Tillaga til þingsályktunar [151. mál]
um stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn.

Flm.: Eggert Þorsteinsson, Pétur Pétursson, Benedikt Gröndal.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að skipa millipinganevnd til þess að athuga möguleika á stofnun lífeyrissjóðs fyrir sjómenn. Nefndin ljúki störfum fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Greinargerð.

Eitt af mestu vandamálum íslenskra framleiðsluatvinnuvega nú er hinn vaxandi skortur sjómanna til starfa á fiskiskípaflotanum. Öllum Íslendingum er ljós sú hættu, sem af slíkri þróun leiðir. Nú þegar starfa rúmlega þúsund færeyskir sjómenn á íslenska fiskiskípaflotanum, á sama tíma og innlent fólk er á biðlistum við ýmiss konar störf í landi. Einskis má því láta ófreistað til að stöðva þessa óheillaþróun.

Flutningsmönnum þessarar tillögu þykir rétt til frekari rökstuðnings tillögunni að birta hér sem fylgiskjal meginhluta greinar, sem ritari Sjómannafélags Reykjavíkur, Jón Sigurðsson, ritaði í Alþýðublaðið 3. apríl s. l.

Fylgiskjal.

Hvað er það þá, sem veldur því, að svona illa gengur að fá menn á togarana? Einfaldlega það, að nú er miklu hægara að fá vinnu í landi fyrir bærileg kjör en áður var, þar sem heita má, að um samfellda vinnu geti verið að ræða allt árið í landi, þótt menn séu ekki fastráðnir í störf, en það er staðreynd, að menn vilja frekar vera við störf í landi en á sjó, þótt þeir beri minna úr bítum.

Þetta var svo áður, og þetta er svo enn.

Þegar ég hætti sjómennsku, fór ég frá 5000.00 kr. árstekjum á togara í fast starf í landi fyrir kr. 3840.00 í árslaun, og svo var um fleiri, er þóttust svo heppnir að fá fast starf í landi, þótt um minni tekjur væri að ræða en á sjónum, og ef vel er að gáð, er þetta eðlilegt, en sýnir jafnframt, að gera verður vel við fiskimenn og aðra sjómenn, svo að hægt verði að manna skipin okkar hraustum og dugmiklum íslenskum mönnum.

Það er ekki hægt að ganga fram hjá þeirri staðreynd, að störf sjómanna okkar og þá alveg sérstaklega fiskimannanna eru undirstaða meginhluta atvinnulífsins í landinu.

Um langan tíma hefur það verið svo, að 90—95% af gjaldeyrstekjum landsins hafa verið fyrir fisk og fiskafurðir, þegar frá eru taldar þær gjaldeyrstekjur, er við höfum haft fyrir varnarliðsvinnu hin síðari ár.

Breyting á starfsgreinaskiptingu hefur orðið mikil á 3—4 áratugunum síðustu.

Árið 1910 voru um 18% af þjóðinni við fiskveiðar og fiskverkun, árið 1920 18.9%, árið 1930 16.7%, árið 1940 15.9% og árið 1950 10.8%. Þrátt fyrir það, að nú vinna tiltölulega miklu færri við sjávarútveg en áður var, hafa hlutföllin ekki breytt hvað viðkemur gjaldeyrisöflun, það gerir aukin tækni, betri skip og meiri vinnuafköst við framleiðsluna.

Enn þá er það svo, að meginhlutinn af gjaldeyrstekjunum er fyrir þann aflu, sem fiskimennirnir flytja að landi, og þjóðin verður að horfast í augu við þá staðreynd, að ef ekki verður þannig búið að sjómönnum, að þeir fái á skipin, er voðinn víð.

Þegar rætt hefur verið um skattfriðindi handa sjómönnum, hefur verið bent á það af einstökum mönnum, að það væri hættulegt að fara inn á þá braut, því að sjálfsögðu mundu aðrar starfsstéttir koma á eftir og gera kröfur um sömu eða hliðstæð friðindi.

Það getur átt sér stað, að einhverjir komi á eftir og segist vilja fá þessi eða hin friðindi vegna þess, að sjómenn hafi þau, þótt ég geri ekki ráð fyrir, að almennt verði kjör sjómanna notuð til viðmiðunar, þegar gerðar eru kröfur um bætt kjör starfstétta í landi, en væri svo, má benda á, að það eru sárafáir, sem fást til þess að fara á sjóinn fyrir aðeins sömu kjör og hægt er að fá í landi. Kjörin á sjónum verða að vera það miklu betri, að þau verði eftirsóknarverð. Hver verða kjör fólksins í landi — má segja kjör þjóðarinnar, ef ekki fást menn á fiskiskipin? Atvinnuleysi og eynd. Þeirri staðreynd verður ekki haggð, að enn þá erum við fiskveiðiþjóð og verðum lengi enn, þótt sjálfsagt sé að vinna að því í framtíðinni, að við þurfum ekki eingöngu að treysta á sjóinn og gjafmildi hans. Í dag er það svo, að ef gjaldeyrstekjur fyrir fisk og fiskafurðir minnka stórlega eða hverfa að mestu, höfum við engan erlendan gjaldeyri til að kaupa fyrir hráefni og vélar til iðnaðar, efnivörur til byggingarframkvæmda, vélar til landbúnaðarins, o. fl., er telja mætti.

Þannig má segja, að á starfi fiskimannsins byggist atvinna starfsstéttanna í landi að verulegu leyti.

Starf fiskimannsins er svo þýðingarmikið fyrir þjóðarbúið og afkomu þess, að heita má, að hann sé alveg í sérflokki innan atvinnustéttanna, og verðum við því að búa fiskimanninum þau kjör, að sæmandi sé, ef ekki á illa að fara.

Þá er spurningin: Hvað þarf að gera til þess, að hægara reynist að fá menn á fiskiskipin?

Ég hef mikið kynnt mér hug manna og þá sérstaklega um þetta efni, og hygg ég, að það, sem talið er hér á eftir, mundi nokkuð leysa vandann:

1. Að tekjur fiskimanna séu að verulegu eða öllu leyti undanþegnar sköttum.
2. Að fiskimenn á útilegubátum fái hafnarfrí eins og togaramenn, svo að þeir geti notið hins stutta landleyfis á heimilum sínum eða á þann hátt, er þeir helzt kjósa.
3. Að fiskimenn á bátum fái frítt fæði, eins og er á togurum og kaupskipum.
4. Að stofnaður verði lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn.

Ég hygg, að ef þetta, sem að framan er talið, verði gert fljótt og myndarlega, ásamt smærri lagfæringum á kjörum, verði ekki veruleg vandræði að fá menn á skipin.

Fyrstu þrjá liðina þarf ekki sérstaklega að ræða, en sá fjórði má heita nýmæli. Að vísu hefur stjórn Sjómannafélags Reykjavíkur borið fram kröfu nokkrum sinnum um lífeyrissjóð fyrir farmenn við samningagjörð um kaup þeirra og kjör, og borið hefur verið fram frumvarp á Alþingi um lífeyrissjóð fyrir togaramenn.

Takmarkið á að vera lífeyrissjóður fyrir alla sjómenn.

Margar starfsstéttir í landi hafa nú lífeyrissjóði, ýmist með samningum eða samkvæmt lögum, og njóta þeirra trygginga og hlunninda, er slíkir sjóðir veita.

Allt fastráðið starfsfólk þess opinbera nýtur þeirra trygginga, er lífeyrissjóðir veita, enda mjög eftirsótt að komast í störf þar, sem eðlilegt er.

Hlutskipti sjómannsins að loknu ævistarfi er ekkert eftirsóknarvert. Tekjur hans hafa ekki verið meiri en svo, að þegar ellin sækir á eða starfskraftarnir bila af öðrum ástæðum, hefur hann ekkert fyrir sig að leggja, nema það litla, sem ríkis-tryggingar veita og vitað er, að ekki er fyrir brýnustu lífsnauðsynjum, þótt betra sé en ekkert.

Í flestum tilfellum er hlutskipti sjómannsins þetta, mannsins, sem unnið hefur baki brotnu að lífsnauðsynlegustu störfum fyrir þjóðarbúskapinn. Ef nokkur stétt á kröfu til þess að hafa slíkar tryggingar sem lífeyrissjóðirnir veita, þá eru það sjómennirnir.

Þetta mál þolir enga bið. Það verður nú þegar að hefjast handa um að undirbúa löggjöf um þetta efni, svo að hægt sé að samþykkja hvort tveggja á næsta Alþingi, skattfríðindin fyrir fiskimenn og lífeyrissjóð fyrir alla sjómenn. Um leið og sú löggjöf væri sett, mætti ekki gleyma þeim, sem verið hafa á sjónum um langa ævi, en hafa nú hætt eða eru að hætta störfum vegna þreytu og aldurs. Þeir verða einnig að fá sinn lífeyri, þá viðurkenningu fyrir sín miklu störf, sem vel er hægt að koma fyrir í löggjöf, t. d. að þeir, sem lengi hafa verið á sjó og komnir eru á þann aldur, að eðlilegt sé, að þeir fari að hætta, fái við setningu laganna viðurkenningu á ákveðnum hluta af þeim tíma, er þeir hafa stundað sjómennsku, og komist þeim mun fyrr í réttindi til lífeyris.

Alþingi ætti að sjá sóma sinn í því, að afgreiða þessi mál, svo að myndarbragur væri að.

En verði það hins vegar ekki, hljóta þessi mál samt sem áður að fá afgreiðslu, er sjómannastéttin má vel við una, þótt kostað geti nokkra baráttu.

Á sínum tíma þurfti verkfall til þess að knýja fram 12 tíma hvíld á togurunum, þótt orðið sé að lögum nú. Á sama hátt væri hægt að knýja fram þetta tvennt, sem hér er aðallega gert að umtalsefni, og verður að sjálfsögðu gert undir forustu hins nýstofnaða sjómannasambands, ef á þarf að halda, en það er á valdi Alþingis, hvort til þess þarf að koma.

Jón Sigurðsson.